

HEIM3BK

## Heimspeki og kvikmyndir

Kvikmyndir segja sögur. En þær eru líka miðill fyrir merkingu og pælingar að hrærast í. Oft höfum við ekki forsendur fyrir þeim hugmyndum sem við göngum út frá í daglegu lífi og okkur getur skilist það í gegnum kvikmyndir. Eins geta þær hjálpað okkur að útfæra og skoða heimspekilega möguleika. Þegar við spyrjum djúpra spurninga um forsendur heims og tilveru erum við á sviði heimspekinnar og kvikmyndir eru öflugar í að vekja slíkar hugsanir.

**Markmið** áfangans er að fanga heimspekilega hugsun í kvikmyndum og tengja við heimspekisöguna, læra nýjar hugmyndir og beita þeim á kvikmyndir.

### **Efni áfangans:**

Lesnir frumtextar eftir Murdoch, Arendt, Nietzsche, Kuhn, Kant, Hume, Zizek og hugmyndir fleiri heimspeklinga kynntar. Efahyggja, afstæðishyggja, eðli raunveruleikans, sjálfsvitundin og hvað gerir einstakling, gervigreind, löghyggja, frelsi viljans, siðferðileg ábyrgð, hið góða líf

### **Námstilhögun:**

Fræðilegum texta beitt á kvikmyndir. Kvikmyndalistinn er nokkuð opinn og breytilegur milli ára. Nemendur vinna stuttmynd út frá heimspekilegu hugtaki.

**Námsefni:** *Heimsmyndir og kvikspeki: Frumtextar í heimspeki II* eftir Guðrúnu Hólmgeirsdóttur. Tilraunaútgáfa.

### **Námsmat:**

Mæting, þátttaka, lestrarpróf, verkefni og stuttmyndagerð.

**Undanfari:** HEIM2AA